

Gróður á Skeiðarársandi

Fyrstu vikuna í september fóru nemendur í NÁT103 út á Skeiðarársand en þar eru fimm 25 m² reitir þar sem fylgst er með gróðurframvindu og lífríki. Nemendur telja plöntur í hverjum reit, flokka þær eftir tegundum og mæla hæð og ársvöxt. Ef plöntur hafa rekla þarf að telja þá. Nemendur eiga að áætla gróðurþekju í reitunum og greina háplöntur ef þær eru til staðar. Síðast en ekki síst skoða nemendur ummerki um skordýr og beit.

Ferðin gekk í alla staði vel. Þegar heim var komið unnu nemendur úr mælingum og báru saman við niðurstöður fyrri ára. Það hafa orðið töluverðar breytingar. Enn er mikið af ösku á svæðinu frá því í gosinu í maí á síðasta ári. Litlar plöntur sem voru að skjóta rótum í fyrra eru að stórum hluta horfnar. Það á við bæði um birki- og víðiplöntur. Þá eru áberandi færri tré með rekla miðað við á síðasta ári. Það sem hópnum þótti hvað markverðast núna er að mjög mikið var af krækiberjum og eins sást hópur rjúpna sem líklegast var að nýta sér ætíð.

Næst þegar gróðurinn á Skeiðarársandi verður skoðaður er ætlunin að setja varanlegri merki á plönturnar en askan hefur í mörgum tilvikum leikið núverandi merki illa.

Að lokum má geta þess að á síðasta vetri fékk FAS styrk frá Vinum Vatnajökuls til safna saman og koma á framfæri upplýsingum sem fást með reglulegum mælingum nemenda. Á vefnum <http://nattura.fas.is/> má skoða upplýsingar frá reglubundnum vöktunarverkefnum nemenda.

Eyjólfur Guðmundsson og Hjördís Skírnisdóttir